

**Ed.**

**305. Nefndarálit**

[134. mál]

um frv. til l. um viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar og fengið á sinn fund Jónas Elíasson, aðstoðarmann iðnaðarráðherra, og Halldór Kristjánsson, deildarstjóra í iðnaðarráðuneytinu.

Enginn tími var fyrir nefndina til að gera ítarlega úttekt á viðaukasamningi milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðsluna við Straumsvík sem frumvarp þetta fjallar um ef afgreiða ætti málið fyrir jólaþinghlé. Beindist því meðferð nefndarinnar að athugun á því hver nauðsyn væri á svo skjótri afgreiðslu og hvort málið mætti að skaðlausu bíða þar til Alþingi kæmi saman til funda á ný að loknu jólaleyfi. Þóttu koma fram gildar ástæður fyrir nauðsyn þess að flýta afgreiðslu frumvarpsins svo að það hlyti lagagildi áður en þingi yrði frestað vegna jólanna.

Nefndin varð ekki sammála um efnislega afstöðu til frumvarpsins. Meiri hl. nefndarinnar vísar til ítarlegrar athugunar sem gerð var á máli þessu í hv. iðnaðarnefnd neðri deildar. Það er skoðun meiri hl. nefndarinnar að samningur sá, sem frumvarpið felur í sér, sé til bóta frá því sem verið hefur um skattgreiðslur Ísals. Því sé rétt að þessi viðaukasamningur verði staðfestur af hálfu Alþingis. Þess vegna leggur meiri hl. nefndarinnar til að frumvarp þetta verði samþykkt.

Alþingi, 18. des. 1985.

Porv. Garðar Kristjánsson,  
form., frsm.

Davíð Aðalsteinsson,  
með fyrirvara.

Egill Jónsson.

Björn Dagbjartsson.